

## SV: 2018050083 - Túlkun á ákvæði varðandi aflamark

**Til** : Þórdís Sif Sigurðardóttir;Jóhann Guðmundsson <johann.gudmundsson@anr.is>  
**Frá** : Annas Sigmundsson <annas@anr.is>  
**CC** : Aðalsteinn Þorsteinsson <adalsteinn@byggdastofnun.is>;Sigurður Árnason <sigurdur@byggdastofnun.is>  
**Heiti** : SV: 2018050083 - Túlkun á ákvæði varðandi aflamark  
**Málsnúmer** : 2018050083  
**Málsaðili** : Byggðastofnun  
**Skráð dags** : 04.09.2018 10:17:55  
**Höfundur** : Annas Sigmundsson <annas@anr.is>

**Viðhengi** image001.jpgimage001.jpg

Sæl Þórdís.

Afsaka hversu seint ég svara þér.

Ráðuneytið telur sig ekki geta gefið álit, þar sem að við yrðum að úrskurða í kærumálum sem upp kynnu að koma á hvorn veginn sem þið ákveðið framhaldið.

Með kveðju,

**Annas Jón Sigmundsson, sérfræðingur**

Skrifstofa sjávarútvegs og fiskeldis

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið / Ministry of Industries and Innovation

Skúlagötu 4, 101 Reykjavík, Iceland

Sími / Tel: (+354) 545 9787 / (+354) 612 9012

[www.anr.is](http://www.anr.is) - [Fyrirvari/Disclaimer](#)

Vinsamlegast hugið að umhverfinu áður en tölvupósturinn er prentaður / Please consider the environment before printing

**Frá:** Þórdís Sif Sigurðardóttir [mailto:thordissif@isafjordur.is]

**Sent:** 20. júlí 2018 09:44

**Til:** Annas Sigmundsson ; Jóhann Guðmundsson

**Afrit:** Aðalsteinn Þorsteinsson ; Sigurður Árnason

**Efni:** RE: 2018050083 - Túlkun á ákvæði varðandi aflamark

Blessaður Annas,

Nei, ég er í raun að vísa til túlkunar sem kemur frá Byggðastofnun við úthlutun aflamarks og bentu þeir okkur á að ef við værum ósammála þeirri túlkun skyldum við fá túlkun ráðuneytisins á reglugerðinni. Túlkunin kom fram í meðfylgjandi milli fyrrverandi bæjarstjóra og Byggðastofnunar. Ég held það sé best að láta samskiptin bara fylgja í staðin fyrir að lista þau upp hér.

Það sem málið snýst um er að aflamark sem úthlutað er til sveitarfélaga í Ísafjarðarbæ er oft landað utan norðanverðra Vestfjarða, þ.e.a.s. okkar vinnusóknarsvæðis og teljum við skv. 7. gr. að það sé skilyrðislaus krafa um löndun innan vinnusóknarsvæðisins.

Fyrrv. bæjarstjóri spyr í tölvupósti frá 5. júní sl. hvort ákvæði hljóti ekki að útiloka að hægt sé að landa utan vinnusóknarsvæðis. Forstjóri Byggðastofnunar tekur þá fram að það hafi ekki verið þeirra mat að orðalagi verði túlkað svo þröngt að hin eiginlega löndun aflans skuli fortakslaust fara fram í viðkomandi byggðalagi.

Kær kveðja,

Þórdís

---

**From:** Annas Sigmundsson [<mailto:annas@anr.is>]

**Sent:** fimmtudagur, 19. júlí 2018 11:27

**To:** Þórdís Sif Sigurðardóttir <[thordissif@isafjordur.is](mailto:thordissif@isafjordur.is)>; Jóhann Guðmundsson <[johann.gudmundsson@anr.is](mailto:johann.gudmundsson@anr.is)>

**Cc:** Aðalsteinn Þorsteinsson <[adalsteinn@byggdastofnun.is](mailto:adalsteinn@byggdastofnun.is)>; Sigurður Árnason <[sigurdur@byggdastofnun.is](mailto:sigurdur@byggdastofnun.is)>

**Subject:** SV: 2018050083 - Túlkun á ákvæði varðandi aflamark

Sæl Þórdís.

Ertu að vísa til þessarar túlkunar frá 2014?

<https://www byggdastofnun.is/is/frettir/vinnusoknarsvaedi-thettbylisstada-2014>

Með kveðju,

**Annas Jón Sigmundsson, sérfræðingur**

Skrifstofa sjávarútvegs og fiskeldis

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið / Ministry of Industries and Innovation

Skúlagötu 4, 101 Reykjavík, Iceland

Sími / Tel: (+354) 545 9787 / (+354) 612 9012

[www.anr.is](http://www.anr.is) - [Fyrirvari/Disclaimer](#)

---

Vinsamlegast hugið að umhverfinu áður en tölvupósturinn er prentaður / Please consider the environment before printing

**Frá:** Þórdís Sif Sigurðardóttir [<mailto:thordissif@isafjordur.is>]

**Sent:** 18. júlí 2018 12:19

**Til:** Jóhann Guðmundsson <[johann.gudmundsson@anr.is](mailto:johann.gudmundsson@anr.is)>; Annas Sigmundsson <[annas@anr.is](mailto:annas@anr.is)>

**Afrit:** Aðalsteinn Þorsteinsson <[adalsteinn@byggdastofnun.is](mailto:adalsteinn@byggdastofnun.is)>

**Efni:** 2018050083 - Túlkun á ákvæði varðandi aflamark

Sælir,

Samkvæmt 7. gr. reglugerðar nr. 643/2016, um ráðstöfun og meðferð aflaheimilda samkvæmt 10. gr. a laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða er fiskiskipum skylt að landa þeim afla sem telja á til aflamarks Byggðastofnunar til vinnslu innan hlutaðeigandi vinnusóknarsvæða á viðkomandi fiskveiðiári og í samræmi við samning sem liggur til grundvallar úthlutun.

Túlkun Ísafjarðarbæjar á þessari grein er sú að aflanum skuli, undantekningarlaust, landað innan vinnusóknarsvæðis. Vinnusóknarsvæði Ísafjarðarbæjar skv. túlkun Byggðastofnunar frá 2014 nær til sveitarfélaganna á Vestfjörðum, þ.e.a.s. Ísafjarðarbæjar, Bolungarvíkurkaupstaðar og Súðavíkurhrepps. Því skyldi afla sem úthlutað er skv. aflamarki til byggðakjarna innan Ísafjarðarbæjar vera landað á norðanverðum Vestfjörðum.

Þar sem túlkun Byggðastofnunar, á framangreindu ákvæði reglugerðarinnar, virðist vera önnur en Ísafjarðarbæjar óskum við hér með eftir túlkun ráðuneytisins á ákvæðinu til að fá úr þessu skorið.

Virðingarfyllst,

**Þórdís Sif Sigurðardóttir**

**Bæjarstjóri**

Ísafjarðarbær, Stjórnsýsluhúsinu, Pósthólf 56, 400 Ísafjörður.

Sími: 450 8021, Fax: 450 8008, Gsm: 862 5041 Netfang: [thordissif@isafjordur.is](mailto:thordissif@isafjordur.is) - Vefur: [www.isafjordur.is](http://www.isafjordur.is)

**Ísafjarðarbær er Flateyri, Hnífsdalur, Ísafjörður, Suðureyri & Þingeyri – auk þess blómleg býli, strandsvæði og ósnortin víðerni.**



The Westfjords - one of Iceland's most spectacular regions - *Lonely Planet*